

# Reglugerð

## Íþróttaráðs Kópavogs

### um kjör á íþróttafólki Kópavogs

#### 1. gr

Kjör íþróttafólki ársins í Kópavogi fer fram á ári hverju. Íþróttaráð Kópavogsbæjar ásamt bæjarbúum sjá um að kjósa íþróttafólkið, sem fær veittar viðurkenningar á Íþróttahátíð Kópavogs sem haldin er í janúarmánuði.

#### 2. gr.

Íþróttafélög í Kópavogi skila inn rökstuddum tilnefningum til íþróttaráðs fyrir 30. nóvember ár hvert. Félögum er heimilt að tilnefna eina stelpu, einn strákur og eitt stálp í aldursflokkum 13-16 ára og eina konu, einn karl og eitt kvár í aldursflokknum 17 ára og eldri, fyrir hverja grein íþróttar sem stunduð er hjá viðkomandi íþróttafélagi. Íþróttaráð er jafnframt heimilt að tilnefna íþróttafólk ef ástæða þykir til.

#### 3. gr

Íþróttafólk Kópavogs geta aðeins þau orðið sem stunda íþróttir með íþróttafélagi sem starfar í Kópavogi, eða hafa lögheimili í Kópavogi en stunda íþrótt sem sérgreinarfélagi utan Kópavogs. Það sama gildir um íþróttafólk sem stundar íþrótt sem ekki er boðið uppá innan íþróttafélaganna í Kópavogi. Viðkomandi þarf að hafa náð 17 ára aldri á því ári sem tilnefnt er fyrir.

#### 4. gr

Kjör á íþróttafólki Kópavogs fer þannig fram að aðalmenn í íþróttaráði velja allt að 5 konur, 5 karla og 5 kvár úr innsendum tilnefningum sem kosið er á milli með tvennum hættum. Annars vegar fer fram rafræn íbúðakosning milli fyrrnefnds íþróttafólks sem gildir 40% á móti kjöri aðalfulltrúa íþróttaráðs skv. sérstakri vinnureglu þar að lútandi. Standi tvennt íþróttafólk efst og jafnt að kjöri loknu, kjósa aðalfulltrúar íþróttaráðs milli þeirra tveggja að nýju. Niðurstaða kjörsins er síðan kunngjörð á Íþróttahátíð Kópavogs í janúar ár hvert.

#### 5. gr

Tilnefnt íþróttafólk hlýtur sérstaka viðurkenningu jafnframt því sem kjör á íþróttakonu, íþróttakarli og íþróttakvári hljóta eignarbikar ásamt farandgrip sem viðkomandi varðveitir í eitt ár.

#### 6. gr

Afhending viðurkenninga og tilkynning á vali á íþróttakonu, íþróttakarli og íþróttakvári Kópavogs fer fram á Íþróttahátíð Kópavogs eigi síðar en 15. janúar ár hvert.

Samþykkt af íþróttaráði 19. október 2023

**Vinnureglur**  
**um tilnefningu íþróttafélaga á**  
**íþróttakonu, íþróttakarli og íþróttakvári Kópavogs**

1. Íþróttafólkið verður að vera í íþróttafélagi innan ÍSÍ í Kópavogi og hafa unnið afrek sín undir merkjum þess.
2. Íþróttafólkið verðu að vera í sérhæfðu íþróttafélagi sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélagi þ.m.t Kópavogi og er innan ÍSÍ (Íþróttafélag fatlaðra o.s.frv). Þau verða að hafa unnið afrek sín undir merkjum þess. Það sama gildir um íþróttafólk sem stundar íþrótt sem ekki er í boðið uppá innan íþróttafélaganna í Kópavogi. Íþróttafólk sem er í félagi skv. 2. lið, þarf að eiga lögheimili í Kópavogi starfsárið sem tilnefningin nær yfir.
3. Íþróttafólkið verður að hafa sýnt a.m.k. árangur á landsmælikvarða á árinu.
4. Stjórn hvernar deildar íþróttafélags sendir rökstudda tilnefningu um besta íþróttafólk ársins í hvorum aldursflokki innan sinna vébanda til íþróttaráðs Kópavogs.

Aldursflokkarnir eru:

- 13 – 16 ára
  - 17 ára og eldri
5. Aldur miðað við afmælisdag ræður hvar í aldurshópi íþróttafólkið lendir. Með tilnefningu skal fylgja skrá yfir afrek viðkomandi íþróttafólks og umsögn frá þjálfara þeirra. Blaðaúrklippur og aðrar opinberar umsagnir eru æskilegar. Mynd af viðkomandi íþróttafólki þarf að fylgja tilnefningunni.

Vinnureglur samþykktar í íþróttaráði 19. október 2023